



Reykjavík 06.05.2022

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 4. maí 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Götuheiti á Ártúnshöfða, 2. og 3. áfangi

Lagt er til að þrjár götur í 2. og 3. áfanga Ártúnshöfða fá heitin Eistlandsbryggja, Lettlandsbryggja og Litháenbryggja.

Tillögunni fylgir greinargerð ásamt korti.

Samþykkt.

Visað til borgarráðs.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Í öllum höfuðborgum Eyrstrasaltsríkja eru torg eða götur kennd við Ísland. Þann vináttuvott er nú rétt að endurgjalda. Það fer vel á því að Eistland, Lettland og Litháen fái götur á þessum mikilvæga stað í nýja Ártúnshöfðahverfinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessi heiti hljóma ekki nógu vel að mati fulltrúa Flokks fólksins: Eistlandsbryggja, Lettlandsbryggja og Litháenbryggja. Mætti ekki stytta þau t.d.: Eistlandsbrú, Lettlandsbrú og Litháenbrú? Eða nota þau annars staðar þar sem samræming götuheita er í einu atkvæði, en ekki tveimur eins og í „bryggja“?

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: Tillaga um götuheiti og greinargerð ódags.

Tillaga um götuheiti

Lagt er til að eftirfarandi þrjár götur í 2. og 3. áfanga Ártúnshöfða fá heitin Eistlandsbryggja, Lettlandsbryggja og Litháenbryggja.



Greinargerð

Sterkt tengsl eru milli Íslands og Eystrasaltsríkjanna og í öllum þremur höfuðborgum þeirra síðarnefndu má finna götur og torg sem kennd eru við Ísland. Í Vilnius má finna Íslandsstræti og Íslandstorg eru í Ríga og Tallin. Til að undirstrika gagnkvæm vináttutengsl þjóðanna þykir rétt að nefna þrjár götur í nýju hverfi við Ártúnshöfða eftir Eistlandi, Lettlandi og Litháen.